

löndum þátt í honum. Frá Ameríku fara um 200 fulltrúar. Í sambandi við þennan fund verður haldið 400 ára afmæli únitara kyrkjunnar á Ungverjalandi. Til 103 safnaða og trúboða í Bandaríkjunum og Canada hefir félagið veitt 57,508 dollara á árinu, 14 nýjir söfnuðir hafa verið stofnaðir og fimm kyrkjur bygðar. Á meðal innslýtjenda til Bandaríkjanna og Canada heldur félagið algerlega uppi eða styður únítarískt trúboð og söfnuði hjá estirsarandi þjóðflokkum : Svíum, Norðmönnum, Íslendingum, Finnum og Ítólum. Tekjur félagsins á árinu voru \$149,043.68 og útgjöld \$144,170.93. Af tekjunum voru því nær 50 þús. dollara gjafir frá söfnuðum, yfir 21 þús. gjafir frá einstaklingum, yfir 65 þús. fekjur af eignum, afgangurinn tekjur af ýmsu tagi. Af útgjöldunum gengu nær 60 þús. til útbreiðslu og hjálpar söfnuðum í Bandaríkjunum, nær 6 þús. til útbreiðslu í öðrum löndum, til bóka útgáfu rúmar 7 þús., laun starfsmanna rúm 21 þús., afgangurinn til ýmsra útgjaldar.

Petta er ágrip af starfsemi félagsins á einu ári. Vitaskuld nær það ekki til starfsemi konferenzanna innan þess, að svo miklu leyti sem hún er ekki styrkt, á einhvern hátt af féluginu. Og, eins og allar skýrslur, gefur það eðlilega mjög litla hugmynd um vöxt og viðgang únítariskra skoðana.

## UNDRAMYNDIN

EFTIR SARAH NOBLE—IVES

Allir íbúar bæjarins Nulleparte voru frámunalega starfsatir. Þeir gáfu engu minsta gaum nema verzlun og iðnaði og gengu um með niðurbeygð höfuð hugsandi um hvað þeir væru að gera og hvað þeir aðtu að gera næst. Þeir höfðu engar tómstundir til skemtana, og jafnvel ástaræfintýri unga fólksins voru stutt og bygð á verzlunarlegum grundvelli.

Einn dag kom ókunuugur maður þar í þorpið og bað um stóra loftið yfir járnvörubúðinni til leigu.